

FUNDARGERÐ

FÉLAGSMÁLARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

117. fundur félagsmálaráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn, 26.07.2011, kl: 13.00 í fundarherbergi Ráðhússins.

Mættir undirritaðir:

Dagskrá:

1. Afgreiðslur félagsmálastjóra frá síðasta fundi.
2. Umsóknir um félagslega heimaþjónustu, fjárhagsaðstoð, stuðningsfjölskyldu og liðveislu.
3. Erindi frá byggðarráði, beiðni um umsögn vegna bréfs SSNV um tillögu að skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar á Norðurlandi vestra.
4. Úthlutun félagslegra íbúða.
5. Boð á Jafnréttisþing 9.-10. september 2011.

Afgreiðslur.

1. Lagðar fram afgreiðslur félagsmálastjóra frá síðasta fundi. Sjá trúnaðarbók.
2. Lagðar fram umsóknir um félagslega heimaþjónustu, stuðningsfjölskyldu og liðveislu. Sjá trúnaðarbók.
3. Lagt fram erindi byggðarráðs, þar sem óskað er eftir umsögn félagsmálaráðs um tillögu stjórnar SSNV um skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar á Norðurlandi vestra. Félagsmálaráð setur sig ekki á móti skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar á Norðurlandi vestra, en telur að nefndarmenn ættu að vera sjö en ekki fimm eins og gert er ráð fyrir í 4. gr. tillögunnar.
4. Úthlutun félagslegrar íbúðar. Borist hafa uppsagnir á leiguíbúðum að Norðurbraut 13. íb. 201. frá Ingibjörgu Helgadóttur og að Hvammstangabraut 16 frá Margréti Jakobsdóttur. Félagsmálaráð samþykkir að úthluta íbúðinni að Norðurbraut 13 til Önnu Heiðu Ragnarsdóttur. Úthlutun á Hvammstangabraut 16 frestað.
5. Lagt fram fundarboð á Landsfund jafnréttisnefnda sem haldinn verður í Kópavogi 9.-10. september 2011.

Samþykkt að taka á dagskrá.

6. Umsóknir um íbúðir fyrir aldraða. Félagsmálaráð mælir með því að Jóhannesi Ragnarssyni verði úthlutað íbúð nr. 106 í Nestúni 4-6, á Hvammstanga og Reyni Jónssyni verði úthlutað íbúðin að Gilsbakka 5, á Laugarbakka.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 14:34

Guðrún Helga Marteinsdóttir(sign.),
Hafdís Þorsteinsdóttir(sign.),
Henrike Wappler(sign.),

Kristín Jóhannesdóttir(sign.),
Sigrún Birna Gunnarsdóttir(sign.),
Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari(sign.).